

Reykjavík 15.október 2021

Stjórn Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur lýsir ánægju með að borgin hyggst leggja sitt að mörkum í baráttunni gegn loftslagsvánni. Á sama tíma er því mótmælt að skef í þá átt sé gerræðisleg ákvörðun um að leggja sérstök gjöld á hluta íbúa eins hverfis; Miðborgarinnar, án nokkurs undirbúnings borgaryfirvalda til að gera íbúum auðveldara að koma til móts við óskir borgarinnar um umhverfisvænni bíla og án samræðu við Íbúasamtökin um þetta mál.

Um allan heim er verið að grípa til aðgerða gegn hlýnun jarðar. Til að ná sem bestum árangri þarf undirbúningur stjórnvalda að vera góður og unnin í samvinnu og samtali við íbúa. Því miður hefur borgaryfirvöldum Reykjavíkur láðst að huga að því. Nýlega var tilkynnt sértæk aðgerð sem beinist að hluta íbúa Miðborgarinnar. Hundruða prósentu hækkan íbúakorts Bílastæðasjóðs fyrir eigendur bensínbíla. Markmiðið virðist vera að fá þau til að haska sér meira en aðra borgarbúa við að skipta yfir í rafmagnsbíla.

Íbúasamtökin mótmæla harðlega að aðgerðir borgarinnar í baráttunni gegn loftslagsvánni beinist aðeins að íbúum eins hverfis og það þéttbýlasta hverfis borgarinnar. Borgaryfirvöld hafa ekki unnið heimavinnu sína sem hefði átt að felst í því að koma upp almennum hleðslustöðvum í íbúagötum. Í mörgum þröngum götum þessa elsta hverfi borgarinnar eru ekki möguleiki á að koma upp einkahleðslustöðvum. Að auki eru almennar hleðslustöðvar í borginni lokaðar til óákveðins tíma vegna útboðsdeilumála. Einnig er mótmælt að ekkert samráð var haft við Íbúasamtökin en með því hefði gefist tækifæri á að fara fram á að borgin frestaði þessum íþyngjandi ákvörðunum. Það hefði gefið íbúum færi á að aðlaga sig breytingum með því að fjárfesta í umhverfisvænni bílum. Íbúasamtökin vekja athygli á að þörfin fyrir það að eiga bíl ræðst ekki af efnahag heldur af ýmsum félagslegum aðstæðum. Aðeins er á færi þeirra betur settu að kaupa rafbíl. Nýr rafmagnsbíll kostar ekki undir 4 milljónum og framboð á notuðum rafmagnsbílum er enn sem komið er mjög takmarkað. Þeim efnaminni verður margföld hækkan íbúakorta erfiður biti að kyngja.

Stjórn Íbúasamtakanna fer fram á að borgaryfirvöld dragi ákvörðun sína tilbaka og til vara að henni verði frestað um eitt til tvö ár eða þar til settar hafa verið upp hleðslustöðvar í íbúagötum hverfisins. Stjórnin er tilbúin til viðræðna um málefni hverfisins hvenær sem yfirvöld óska. Slík samtöl ættu að koma í veg fyrir að ákvarðan borgarinnar komi íbúum í opna skjöldu og vonandi að tekið verði tillit til skoðana þeirra.

Með vinsemd og virðingu

Guðrún Erla Geirsdóttir ritari Íbúasamtaka Miðborgar